



Alþingi
Efnahags- og skattanevnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29.02.2008

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 og fleiri lögum (skattlagning söluhagnaðar hlutabréfa og breyting á skattaumsýslu lögaðila), 325. mál.

Frumvarpið felur í sér tvíþætta breytingu á skattlagningu aðila í atvinnurekstri. Annars vegar er lögð til sú breyting að skattskyldur hagnaður lögaðila af sölu hlutabréfa verði jafnframt frádráttarbær frá tekjum af atvinnurekstri samkvæmt nánari skilyrðum. Hins vegar er gerð tillaga um að álagning, eftirlit og önnur skattaumsýsla vegna lögaðila með tekjur og eignir umfram tiltekin stærðarmörk heyri framvegis undir Reykjavíkumræmi burtséð frá heimilisfesti viðkomandi aðila.

Skattlagning söluhagnaðar af hlutabréfum, sbr. 1.-2. gr.

Á umliðnum árum hafa verið gerðar margvíslegar umbætur á skattlagningu atvinnurekstrar hér á landi og hafa þær gegnt lykilhlutverki í því af efla alþjóðlega samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og skapa skilyrði fyrir þeim öra hagvexti og miklu efnahagslegu framförum sem þjóðin hefur notið undanfarinn rúman áratug eða svo. Mikill skilningur hefur verið á þessum málum hjá stjórnvöldum á hverjum tíma og gildir það einnig um núverandi ríkisstjórn, sbr. yfirlýsingu hennar í tengslum við nýgerða kjarasamninga á almennum vinnumarkaði um að lækka tekjuskatt fyrirtækja úr 18% í 15% frá og með tekjuárinu 2008.

Hafa þarf þó í huga að alþjóðlegt samkeppnisumhverfi íslensks atvinnulífs er sífellt á hreyfingu og hefur þróunin í langflestum samkeppnislöndum okkar ekki síst í Evrópu verið sú að þar hafa á sama tíma verið gerðar umbætur á skattlagningu fyrirtækja sem einnig miða að aukinni samkeppnishæfni. Í athugasemdum með frumvarpinu er þess réttlæga getið að verulega hefur dregið saman með Íslandi og öðrum ríkjum varðandi samkeppnishæfni skattlagningar atvinnurekstrar á undanförnum árum. Hafa Samtök atvinnulífsins ítrekað bent á að með tiltölulega einföldum lagfæringum megi koma skattumhverfi íslenskra fyrirtækja í fremstu röð. Breyting á reglum um söluhagnað af hlutabréfum til samræmis við skattalega meðferð arðs er mikilvægur þáttur slíkra umbóta. Rétt þykir að rifja hér upp stuttlega þau mikilvægu rök sem liggja að baki slíkri breytingu.

Þegar fjármagnstekjuskatturinn var tekinn upp á sínum tíma var það grundvallarsjónarmið að skatturinn ætti að vera hlutlaus gagnvart skipulagi atvinnulífsins og ætti ekki að hafa áhrif á það hvort atvinnustarfsemi er rekin í móðurfélagi og dótturfélögum, hlutdeildarfélögum, eignarhaldsfélögum eða hvaða annað fyrirkomulag sem menn telja hagstætt frá rekstrarlegu sjónarmiði. Líta ætti á atvinnulífið sem eina heild. Skattlagning þess ætti að vera hlutlaus gagnvart skipulagi einstakra fyrirtækja og fyrirtækjasamstæða og skattleggja ætti tekjur af



hlutabréfaeign þegar fjármunirnir eru teknir út úr atvinnulífinu sem arður eða söluhagnaður. Skattskylda söluhagnaðar milli fyrirtækja gengur gegn þessu grundvallarsjónarmiði.

Í stað samræmdrar skattmeðferðar arðs og söluhagnaðar af hlutabréfum var þó á sínum tíma farin sú leið að gera söluhagnað skattskyldan, en heimila félögum frestun á skattgreiðslum af slíkum söluhagnaði svo lengi sem þau fjárfestu á móti í öðrum félögum. Þótt oftast komi þannig ekki til skattlagningar, þýðir þetta fyrirkomulag að smám saman myndast skattskuldbinding sem dregst frá eigin fé félaganna. Vegna þessa galla á íslenskum skattalögum hafa íslensk fyrirtæki stofnað eignarhaldsfélög í Hollandi. Með því móti er hægt að mynda söluhagnaðinn þar í landi, þar sem hann myndar ekki skattskyldu, og flytja hann eftir atvikum til Íslands sem arð sem ekki er greiddur skattur af. Það getur ekki talist í þágu neinna hagsmuna íslensks samfélags að atvinnulífið þurfi þannig að notast við hjáleidir eins og hollensk eignarhaldsfélög til þess að búa við samkeppnishæft skattumhverfi. Til þess að ráða bót á þessu þarf að gera söluhagnað af hlutabréfum skattfrjálstan með sama hætti og arðstekjur félaga.

Með hliðsjón af framanrituðu fagna Samtök atvinnulífsins því markmiði sem býr að baki frumvarpinu að afnema skattlagningu söluhagnaðar milli fyrirtækja og búa þannig íslenskum fyrirtækjum alþjóðlega samkeppnishæft og örvandi skattaumhverfi. Samtökin telja á hinn bóginn að í frumvarpinu sé ekki valin skynsamlegasta leiðin að þessu marki. Sérstaklega telja SA að sú takmörkun á frádráttarrétti sem frumvarpið felur í sér, sbr. 2. mgr. b-liðar 2. gr., sé alltof rúmt orðuð og bjóði upp á verulega óvissu í framkvæmd.

Samkvæmt frumvarpinu er réttur til frádráttar á móti skattskyldum söluhagnaði háður takmörkun á frádráttarbærni „Rekstrarkostnað(ar) sem gengur til öflunar, viðhalds eða tryggingar á tekjum sem eru frádráttarbærar samkvæmt þessum tölulíð ...“. Verður hvorki heimilt að draga slíkan kostnað frá öðrum tekjum né getur hann myndað yfirfæranlegt tap hjá félögum. Þá verður ekki lengur heimilt að draga frá sannanlega tapað hlutafé í öðrum félögum. Varði kostnaðurinn tekjur sem ýmist eru skattskyldar eða frádráttarbærar samkvæmt þessum reglum skal skipta kostnaðinum í hlutfalli við tekjurnar.

Ákvæðið um takmörkun á frádráttarbærum kostnaði er sem fyrr sagði of rúmt orðuð og vekur ýmsar spurningar sem ekki virðist svarað í frumvarpinu eða greinargerð með því. Verður að hafa í huga að meginreglan er sú að rekstrarkostnaður við að afla tekna er frádráttarbær. Frávik frá þeirri grundvallarreglu verða því að vera mjög skýr. Meðal þeirra spurninga sem vakna er sú hvort frumvarpið feli í sér að fjármagnskostnaður vegna kaupa á hlutabréfum sé aldrei frádráttarbær frá öðrum tekjum. Slíkt væri órökrétt t.d. í þeim tilvikum þegar ekki er ætlunin að selja hlutabréfin en þá myndast aldrei neinn söluhagnaður. Er í þessu sambandi rétt að undirstrika að samkvæmt gildandi lögum er allur kostnaður vegna öflunar hlutabréfa frádráttarbær einnig þótt ekki komi til skattlagningar söluhagnaðar. Felur frumvarpið því að þessu leyti í sér íþyngjandi breytingar á skattlagningu söluhagnaðar hlutabréfa hjá lögaðilum. Verður almennt ekki séð að takmörkun á frádráttarrétti gangi upp nema hugsanlega á því ári þegar söluhagnaður er innleystur, þar sem fyrir þann tíma er ekki um frádráttarbærar tekjur að ræða.

Þá er felld niður heimild til frestunar skattlagningar söluhagnaðar um tvenn áramót. Gildir sú breyting einnig um sameignarfélög og samlagsfélög sem ekki eru sjálfstæðir skattaðilar sem og einstaklinga í atvinnurekstri. Þessir aðilar njóta samkvæmt frumvarpinu ekki skattfrelsis söluhagnaðar, en í gildandi lögum hafa þessir aðilar heimild til frestunar á skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum. Er hér því einnig þrengt að skattlagningu atvinnurekstrar.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Samkvæmt 9. gr. frumvarpsins öðlast nýjar reglur um skattmeðferð söluhagnaðar gildi 1. janúar 2008 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009 vegna söluhagnaðar sem myndast á árinu 2008. Frumvarpið virðist hins vegar ekki svara þeirri spurningu hvað verði um þegar frestaðan söluhagnað til dæmis vegna ársins 2007 eða fyrr sem ber að tekjufæra 2009 ef ekki er endurfjárfest.

Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að áður en frumvarp þetta verður samþykkt sem lög þurfi að ráða bót á þeim ágöllum sem nefndir hafa verið hér að framan. Ella er hætt við að mikilvægu markmiði frumvarpsins verði ekki náð.

Skattaumsýsla stærstu fyrirtækja færð til Reykjavíkurdæmis, sbr. 3.-7.gr.

SA gera ekki athugasemd við þann þátt frumvarpsins sem lýtur að því að færa álagningu, eftirlit og aðra skattaumsýslu stærstu fyrirtækja landsins undir eitt skattumdæmi. Hins vegar skal bent á nauðsyn þess að skattyfirvöld bæti þjónustu sína við atvinnulífið og leggi sig fram um að veita skjót og skýr svör við skattalegum álitaefnum sem upp koma hverju sinni. Telja SA koma til álita að því embætti sem sérhæfir sig í skattaumsýslu vegna stærstu fyrirtækja landsins verði heimilað að gefa út bindandi álit og ákvarðandi bréf, en slíkt myndi bæta skilvirkni í þjónustu og auka samkeppnishæfni hins íslenska skattkerfis.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðlaugur Stefánsson

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is

